



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Reykjavík, 11. apríl 1996.

Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri við Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1382
komudagur 12/4 1996

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Við er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dagsett 27. mars 1996, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga.

Fjallað var um lagafrumvarpið á fundi sambandsstjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 1. apríl síðastliðinn, en frumvarpið hafði áður verið ítarlega kynnt fyrir stjórn og aðildarfélögum samtakanna. Niðurstaða fundarins var að lagafrumvarpinu í heild sinni er hafnað og eindregnum tilmælum er beint til ríkisstjórnarinnar að hún dragi það til baka. Fundurinn mótmælir jafnframt vinnubrögðum við undirbúning að gerð frumvarpsins, meðal annars vegna þess að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands var aldrei kynnt málið á undirbúningsstigi, þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því hjá formanni nefndar sem vann að gerð lagafrumvarpsins.

Þar sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafnar umræddu lagafrumvarpi þjónar það engum tilgangi á þessu stigi málsins að veita efnislega umsögn eða gera einstakar athugasemdir við frumvarpið, þó að drög að slíku liggi þegar fyrir hjá samtökunum. Hins vegar verður ekki hjá því komist að lýsa yfir því áliti stjórnar samtakanna að lagafrumvarpið virðist hafa þann einan tilgang að ganga gróflega á rétt stéttarfélaganna í landinu, sem mun einungis leiða til verulegrar röskunar á núverandi jafnvægi milli samtaka launþega og vinnuveitenda, þeim síðarnefndu til framdráttar. Mikil áhætta er tekin með því að lögleiða frumvarpið þar sem slíkt getur leitt til harðra þjóðfélagsátaka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Verði skynsemin látin ráða og lagafrumvarpið dregið til baka, lýsir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands yfir vilja sínum til að taka þátt í undirbúningi við gerð að nýju frumvarpi eða breyttum samskiptareglum aðila vinnumarkaðarins þar sem öll landssamtök launþega og vinnuveitenda eiga aðgang að.

Virðingarfyllt,
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson,
framkv.stj. FFSÍ